

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. maí 1967 hefur iðnaðarráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkanir á gildandi gjaldskrá (með síðari breytingum) eftirtalinnu rafveitna frá og með 1. febrúar 1980:

Rafveita Húsavíkur nr. 246 28. maí 1979	20%
Rafveitur Reykjaness:	
Rafveita Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps gjaldskrá nr. 391 20. sept. 1979	20%
Rafveita Grindavíkur gjaldskrá nr. 389 20. sept. 1979	20%
Rafveita Miðneshrepps gjaldskrá nr. 441 31. okt. 1979	20%
Rafveita Gerðahrepps gjaldskrá nr. 392 20. sept. 1979	20%
Rafveita Njarðvíkur gjaldskrá nr. 391 20. sept. 1979	20%
Rafveita Keflavíkur gjaldskrá nr. 391 20. sept. 1979	20%
Rafveitur Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar gjaldskrá nr. 384 20. sept. 1979	21% ¹⁾
Rafveita Selfoss gjaldskrá nr. 395 20. sept. 1979	13.5% ²⁾
Rafveita Siglufjarðar gjaldskrá nr. 243 29. maí 1979	15%
Rafveita Vestmannaeyja gjaldskrá nr. 237 23. maí 1979	13.5%
Rafveita Sauðárkróks gjaldskrá nr. 245 28. maí 1979	13.5%

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

28. janúar 1980.

Nr. 88.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390, 6. nóvember 1976, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 10 072.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar áætla hitaveita vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

¹⁾ Hitagjaldskrárliðir nr. 41—44 hækki um 40%.

²⁾ Þó hækkar taxti 2.1 um 22.5%, taxti 3.2 aflgjald um 31.5%. Heimtaugagjöld hækki um 40%.

- a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 1 800.00
 b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" — 3 600.00
 c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri — 7 200.00

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Allt að 400 m ³ kr.	582 035.00				
400— 2 000 — —	582 035.00	+	466.00	kr. pr. m ³ þar yfir	
2 000— 6 000 — —	1 327 635.00	+	397.00	— — — — —	
6 000—10 000 — —	2 915 635.00	+	349.00	— — — — —	
Meira en 10 000 — —	4 311 635.00	+	303.00	— — — — —	

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 70 050.00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar síðasta málsgrein orðist þannig:

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 3 550.00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979, með síðari breytingum.

II. KAFLI

3. gr. 1. málsgrein orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 380.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

4. gr. 2. málsgrein orðist þannig:

Skal notkunargjaldið þá vera 9.50 kr./M CAL miðað við hitafall 40°C.

6. gr. orðist þannig:

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

A. fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ "	kr. 2 500.00
B. fyrir mæla allt að 2"	— 5 000.00
C. fyrir mæla allt að 3"	— 10 000.00
D. fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.	